

## Innköllun frá Sóma og Jumbó á rækjusamlokun og rækjusalötum

Sómi ehf. hefur í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis ákveðið að innkalla Sóma rækjusamlokur, Bónus rækjusamlokur, Jumbó rækjusamlokur, Sóma rækjusalat og laxa & rækjusalat vegna fiskibeina sem fannst í rækjusamlokum.

Innköllunin einskorðast við eftirfarandi vörur

- **Sómi rækjusamloka**, nettóþyngd 170 g, pökkunardagsetning 22. nóvember og 23. nóvember, síðasti notkunardagur 25. nóvember og 26. nóvember. Strikamerki 5690597041002
- **Bónus rækjusamloka**, nettóþyngd 180 g, pökkunardagsetning 22. nóvember og 23. nóvember, síðasti notkunardagur 25. nóvember og 26. nóvember. Strikamerki 5690596004534
- **Jumbó rækjusamloka**, nettóþyngd 170 g, pökkunardagsetning 22. nóvember og 23. nóvember, síðasti notkunardagur 25. nóvember og 26. nóvember. Strikamerki 5690596001014
- **Sómi rækjusalat**, nettóþyngd 200 g, pökkunardagsetning 17. nóvember og 22. nóvember, síðasti notkunardagur 24. nóvember og 29. nóvember. Strikamerki 5690596069052
- **Laxa & rækjusalat**, nettóþyngd 200 g, pökkunardagsetning 17. nóvember og 22. nóvember, síðasti notkunardagur 24. nóvember og 29. nóvember. Strikamerki 5690596069045

Neytendum sem keypt hafa umræddar vörur er bent á í varúðarskyni að neyta þeirra ekki. Hægt er að skila vörunum í verslanir þar sem varan var keypt eða til Sóma, Gilsbúð 9 Garðabæ milli 8-16 alla virka daga.